

Janúar

Pési

156.tbl. 13. Árgangur janúar 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritsj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Ágætu lesendur!

Þá er það “ Jóla – Pésinn sem berst ykkur.
Undanfarið hefur verið slík einmuna blíða
að erfitt er að átta sig á að jólin eru á næsta leiti,
en vonandi eru allir komnir í jólaskap og njóta
aðventunnar með öllu sem hún hefur upp á að bjóða.
Fyrsti Pési ársins 2003 er væntanlegur 16. jan
og efni í hann þarf að berast í síðasta lagi 13. jan
Að lokum vil ég þakka lesendum Pésans fyrir árið,
sem er að líða og óska ykkur gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári
Ritsjóri.

Frá sundlauginni á Flúðum.

Opnunartími yfir hátíðarnar:

23. des – 26 des og 31.des-1.jan	Lokað
Föstudag 27.des	17:00-21:30
Laugard.28. des/sunnud.29.des	13:00-18:00
Mánud 30. des	18:00-22:00

Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opin.

Hrossaeigendur athugið!!!

Tek að mér tamningar, þjálfun
og járningar.

Er með aðstöðu að Hurðarbaki í Flóa

Einnig tek ég að mér frost
og örmerkingar.

Reynir Þór Jónsson S: 898-0929

Lifandi jólatré í pottum!!

Garðyrkjustöðin
Hvammi II

Sími 486-6640

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunar
föstudagana
13.des ,10.jan
og 31.jan.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Athugið!!!!

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási
verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00
fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga
brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjanda** flutningamiðstöðinni.

Klettagörðum 15, Reykjavík.

VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson,
Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson og Unnar Gíslason.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og
sérstaklega Björn Kjartansson sem nú kemur til starfa eftir frí.
Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar
athugasemdir voru gerðar við fundarboð.
Dagskrárliður nr. 2 í boðaðri dagskrá fellur niður og færast
aðrir liðir fram sem því nemur.

**Fundargerð fræðslunefndar 28. október 2002,
dagskrárliður nr. 5, frestaður liður frá 19. fundi
hreppsnefndar.**

Til umræðu er fyrirhuguð námsferð skólustjórnenda, kennara, skólaliða og
stuðningsaðila í mars 2003 til St.Louis.

Oddviti bauð skólastjóra velkomin á fund hreppsnefndar. Oddviti rakti aðdraganda þessa máls, með hvaða hætti það hefur borist hreppsnefnd. Einnig greindi oddviti frá fundi sem hann átti með skólastjóra ásamt formann fræðslunefndar og sveitarstjóra um málið.

Skólastjóri rakti aðeins fjölgreindarkenningu Gardners bæði fræðilega- og faglega þætti hennar. Þá greindi hún frá því hvernig unnið er að undirbúningi þessarar ferðar í dag meðal starfsfólks Flúðaskóla. Gert er ráð fyrir að 23 starfsmenn skólans fari í ferðina en heildar starfsmannafjöldinn er 29, auk húsvarðar og starfsmanna í mötuneyti. Skólastjóri greindi frá með hvaða hætti það kom til að ferðin var sett á dagskrá í mars en ekki á öðrum tíma. Jafnframt fór hún yfir hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á skóladagatali Flúðaskóla verði ferðin farin. Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir kostnað ferðarinnar þar sem fram kemur hvernig skólastjóri sér fyrir sér fjármögnun hennar, en gert er ráð fyrir að kennarar fái umtalsverðan styrk frá Kennarasambandi Íslands til ferðarinnar. Þá lagði skólastjóri fram dagskipulag ferðarinnar.

Nokkrar umræður urðu um málið, meðal annars um þá breytingu sem gera verður á skóladagatali og starfsdögum kennara sem nú er fyrirhugað að nýta til ferðarinnar.

Hér vék skólastjóri af fundinum.

Hreppsnefnd ræddi um málið, sérstaklega með hvaða hætti aðdragandi þessa mál var að hálfu skólastjórnenda. Hreppsnefnd telur æskilegt að jafn viðamikilið mál sem hefur áhrif á nánast öllum heimilum sveitarfélagsins, hefði verið kynnt með lengri aðdraganda og legið fyrir þegar skóladagatal var kynnt nemendum og forráðamönnum í upphafi skólaárs.

Hreppsnefnd er sammála um veita Flúðaskóla heimild til að breyta skóladagatali fyrir skólaárið 2002-2003 á þann hátt sem skólastjórnendur hafa lagt til. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að greiða til fararinnar kr. 460.000.- sem fært verði til gjalda á liðinn 04211 4923 á árinu 2003. Ljóst er að svipuð fjárhæð hefði farið til annars námskeiðahalds á árinu en ósk skólastjórnenda er að nýta þær heimildir til að kynna starfsmönnum fræðikenningu Gardners.

3. fundur leikskólanefndar haldinn 25. nóv. 20002.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Fundargerð ferðamálanefndar dags. 18. nóvember 2002.

Fundargerðin lögð fram.

13. fundur byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu haldinn 26. nóvember sl.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

13. verkfundur vegna byggingu leikskóla dags. 20.nóvember 2002.

Fundargerðin lögð fram.Fundur með arkitekt, verkkaupa, og verktaka og eftirliti á Flúðum þann 12.11.2002, vegna bygging leikskóla.

Fundargerðin lögð fram.

7. fundur veitustjórnar haldinn 2. desember 2002.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Innheimtuferli reikninga sveitarfélagsins.

Fyrir fundinum liggur greinargerð sveitarstjóra varðandi breytingar sem fyrirhugað er að gera á innheimtum sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þessum breytingum og gerði grein fyrir innheimtuferlinu. Þar kemur fram að ef um vanskil sé að ræða þá verði þau innheimt hjá lögmanni þegar liðnir eru 12 vikur frá gjalddaga.

Umræður urðu um innheimtuna og ferlið.

Hreppsnefnd samþykkir greinargerð sveitarstjóra og þær tillögur sem þar koma fram varðandi innheimtu og þau vanskil sem nú ertu til staðar.

Tilboð í miðlunargeymi í Langholtsfjalli.

Lagt fram yfirlit varðandi þau tilboð sem bárust í verkið, en tilboð barst frá 10 aðilum. Lægsta tilboð er frá Hákonu P. Gunnlaugssyni kr. 12.951.755.- en kostnaðaráætlun hönnuða er kr. 13.092.692.-

Dagskrárliður nr.1 í fundargerð Oddvitafundar uppsveita Árnassýslu dags. 29. ágúst 2002 – endurskoðun stefnumótunnar í ferðamálum uppsveita Árnassýslu.

Vísað er til dagskrárliðar nr. 1 í fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs sem haldinn var 29. ágúst 2002, varðandi endurskoðun stefnumótunnar í ferðamálum uppsveitanna.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að oddvitaráð uppsveita Árnassýslu gangi til þríhliða samnings á milli sveitarfélaganna, Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og Rögnvalds Ólafssonar um þessa vinnu.

Samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahrepp og undaleyfisgjöld.

Fyrir fundinum liggja drög að samþykkt um takmörkun hundahalds.

Hreppsnefnd er sammála að fela oddvita og sveitarstjóra að gera breytingar á fyrirliggjandi drögum og leggja þau fram á næsta fundi hreppsnefndar.

Samningur við V.Í.S. vegna trygginga sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd er sammála um að ganga til samninga við Vátryggingarfélag Íslands á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og semja til 4 ára.

Afgreiðslutími skrifstofu, viðtalstími oddvita og sveitarstjóra.

Fyrir liggur tillaga sveitarstjóra varðandi afgreiðslutíma skrifstofu og viðtalstíma oddvita og sveitarstjóra.

Tillagan samþykkt samhljóða. Bréf stjórnenda Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási dags. 22. nóv. sl. vegna húsnæðismála.

Bréfið lagt fram og vísa til umfjöllunar oddvitaráðs uppsveita Árnessýslu.

Erindi frá Ólafi B. Scram og Jóhönnu Vilbergsdóttur.

Hreppsnefnd er sammála um að fela sveitarstjóra að afla upplýsinga hjá Landbúnaðarráðuneytinu varðandi fyrirhugaða nýtingu jarðarinnar Laxárhliðar sem er í eigu ríkissjóðs.

Bréf Verslunarmannafélags Reykjavíkur vegna frárennslislagar frá sumarhúsum í Ásabyggð.

Hreppsnefnd er sammála um að vísa erindinu til U.S.U. nefndarinnar.

222. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram.

98. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 25. nóvember 2002.

Fundargerðin lögð fram.

48. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 20. nóvember 2002.

Fundargerðin lögð fram.

358. fundur stjórnar SASS haldinn 6. nóvember 2002.

Fundargerðin lögð fram. Bréf Landgræðslu ríkisins dags. í nóv 2002, v. landgræðsluverkefna.

Bréfið lagt fram.

Fundargerð upplestin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 18:00.

Óskum öllum félögum okkar og öðrum sveitungum gleðilegra hátíða.

Sérstakar þakkir til Hótel Flúða fyrir höfðinglegt heimboð þann 3. des sl.

Félag eldri Hrunamanna

Kæru vinir!

Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu, sem studdu okkur í veikindum og erfiðleikum okkar á árinu, sem er að líða.

Óskum ykkur gleðilegra jóla árs og friðar.

Steinn Másson, Helga Dagrún,
Ingibjörg Jónína og Helga Þóra
Hólavangi 22 Hellu

Frá Versluninni Grund.

Ýmis jólatilboð
allan desember
Ís – jólaöl – kjötvörur
jólaskreytingar – gjafavörur
Þorláksmessuskatan.

Jólakonfektíð frá Nóa.ofl.
Marensbotnar – tertubotnar
Jólatertur – tartalettur
og fleira og fleira.

Kór
Flúðaskóla
syngur
jólalög
þann 15des.

**Hefðbundinn afgreiðslutími nema þar sem
annars er getið. Sjá næstu síðu. >**

**Bestu jóla og nýárskveðjur.
Starfsfólk Versl. Grund.**

